

Byr sparisjóður

Útgáfa ISK 1.500.000.000 BYR 09 0107

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 17. nóvember 2008, skv. XI. og V. Viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir víxlana sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er: www.byr.is

1. Útgefandi: Byr sparisjóður
Kt.610269-2229
Borgartún 18, 105 Reykjavík
2. (i) Auðkenni BYR 09 0107
(ii) ISIN-númer: IS0000016970
3. Tilgreind mynt: ISK
4. Þegar útgefið og selt: ISK 1.500.000.000
Hámarksfjárhæð flokks: ISK 2.000.000.000
5. Ávöxtunarkrafa á söludegi: Ávöxtunarkrafa dags. 8. júlí 2008 var
17,52%. og sölugengi 92,12
6. Dagaregla: Actual/360
7. Nafnverðseiningar: ISK 5.000.000
8. Útgáfudagur: 07.07.2008
9. Gjalddagi: 07.01.2009
10. Taka til viðskipta: Víxlarnir verða teknir til viðskipta hjá
NASDAQ OMX Iceland hf. þann 18.
nóvember 2008
11. Söluaðili: Byr sparisjóður
12. Verðbréfamiðstöð: Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi
182, Reykjavík

Byr sparisjóður greiðir kostnað sem nemur um ISK 120.000 vegna rafrænnar skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands ásamt gjaldi að upphæð ISK 10.000 vegna ISIN auðkenna. Ennfremur greiðir Byr ISK 450.000 fyrir að víxlarnir séu teknir til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem nemur ISK 165.000 og 0,001% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Annar kostnaður er að upphæð ISK 150.000

Heildarkostnaðurinn er ISK 910.000. Að frádregnum kostnaði er nettósöluandvirði útgáfunnar ISK 1.380.890.000.

Ábyrgð

Útgefandinn ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 17. nóvember 2008:

sem hefur til þess fullt umboð